

Föstudaginn 21. júní 1974.

Nr. 110/1974: **Gísli Hafsteinsson**
og Sigríður Valdimarsdóttir
 gegn
Puríði Axelsdóttur.

Dómendur:

**hæstaréttardómaramirnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
 varr, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.**

Kærumál. Barn. Framkvæmd innsetningargerðar.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður Briem Jónsson setufógeti kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðiljar hafa hinn 29. maí 1974 kært til Hæstaréttar úrskurð fógetaréttar Þingeyjarsýslu, uppkveðinn sama dag. Krefjast þeir þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og framkvæmd fógetagerðar samkvæmt úrskurði sama dóms 25. maí s. á. verið frestað, uns dómur Hæstaréttar hefur gengið í því máli. Þá krefjast þeir kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að kærumáli þessu verði vísað frá Hæstarétti, með því að kæruehimild skorti, en til vara staðfestingar hins kærða úrskurðar og að sóknaraðiljum verði dæmt að greiða kærumálskostnað.

Heimilt er að kæra til Hæstaréttar framangreindan úrskurð fógetaréttar Þingeyjarsýslu 29. maí 1974 samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 75/1973.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði, var kveðið svo á í úrskurði fógetaréttar Þingeyjarsýslu 25. maí 1974, að barnið Herborg Gísladóttir, sem er fætt 23. desember 1968, verði fengið varnaraðilja í hendur með beinni fógetagerð. Herborg er dóttir varnaraðilja og hefur frá septembermánuði 1971 dvalist hjá sóknaraðiljum, föður sínum og eiginkonu hans. Úrskurðinum frá 25. maí 1974 var áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 28. maí þ. á. og gagnáfrýjað með stefnu 4. júní s. á.

Varhugavert er, að hinum áfrýjaða úrskurði fógeta, sem

mælir fyrir um, að barnið verði afhent gerðarbeiðanda með beinni fúgetagerð, sé veitt fullnusta, áður en dómur Hæstaréttar hefur gengið, enda getur slík fullnusta raskað högum barnsins, og er hún í brýnni andstöðu við meginreglur barnalöggjafar og barnaverndarlaga. Ákvæði 44. gr. laga nr. 19/1887 binda eigi dómstóla um þetta efni. Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða úrskurð úr gildi, og skal fúgetagerð samkvæmt úrskurði fúgetaréttar Þingeyjarsýslu 25. maí 1974 eigi fara fram á þessu stigi málsins.

Rétt þykir, að kærúmálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi, og skal fúgetagerð samkvæmt úrskurði fúgetaréttar Þingeyjarsýslu 25. maí 1974 eigi fram fara á þessu stigi málsins.

Kærúmálskostnaður fellur niður.

Úrskurður fúgetaréttar Þingeyjarsýslu 29. maí 1974.

Hinn 25. maí 1974 var kveðinn upp úrskurður í fúgetarétti Þingeyjarsýslu í fúgetamálinu nr. 1/1974: Þuríður Axelsdóttir gegn Gísla Hafsteinssyni og Sigríði Valdimarsdóttur, og er úrskurðarorðið svohljóðandi:

„Gerð þessi fer fram samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gerðarbeiðanda, Sveins H. Valdimarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 90.000.00.“

Í réttarhaldi í máli þessu í dag krafðist umboðsmaður gerðarbeiðanda atbeina fúgeta til þess að framkvæma úrskurðinn.

Umboðsmaður gerðarþola sýndi þá í réttinum áfrýjunarstefnu, áritaða um birtingu í dag, þar sem áður nefndum úrskurði var áfrýjað til Hæstaréttar. Er endurrit þessarar stefnu lagt fram sem rskj. nr. 33, og vísast til þess.

Hann mótmælti því með tilvísun til þessarar áfrýjunar, að útburðarúrskurðinum yrði fullnægt.

Enn fremur krafðist hann þess, að gerðarbeiðanda yrði dæmt að greiða málskostnað að skaðlausu.

Umboðsmaður gerðarþola bendir á máli sínu til stuðnings, að enda þótt svo sé fyrir mælt í lögum nr. 19/1887, 44. gr. i. f., að eigi hindri áfrýjun framkvæmd úrskurðar, þá telji hann það eiga fara eftir atvikum hverju sinni, hvort rétt sé að beita þessari reglu um beinar fúgetagerðir. Um töku barns af því heimili, þar sem það hefur dvalist alla ævi, telji hann fráleitt. Í þessu máli sé þess að geta, að barnið þekkir ekki móður sína lengur.

Framkvæmd beinnar fúgetagerðar mundi brjóta í bága við álitsgerð sálfræðinganna, sem telja ýmis skilyrði fyrir vistaskiptum nauðsynleg, m. a. að þau séu undirbúin og framkvæmd af fyllstu nærgætni. Svo minnst þeir á 3—4 ár, er líða þurfi, uns barnið geti tjáð sig um aðaldvalarstað.

Umboðsmaður gerðarbeiðanda krafðist þess, að enginn frestur yrði veittur á framkvæmd fúgetaréttarúrskurðarins frá 25. maí s.l., og mótmælti öllum rökum gerðarþola fyrir því, að fresta skuli framkvæmd gerðarinnar vegna áfrýjunar. Þá krafðist hann fulls málskostnaðar úr hendi gerðarþola, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál.

Máli sínu til stuðnings vísaði hann sérstaklega til 44. gr. i. f. laga nr. 19/1887 svo og til íslenskrar dómvenju.

Úrskurður hefur gengið í máli þessu um, að innsetningargerðin skuli fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Hefur gerðarbeiðandi þrátt fyrir áfrýjun þessa úrskurðar óskað þess, að úrskurðinum verði fullnægt.

Það verður að telja almenna réttarreglu, að því er varðar beinar fúgetagerðir, að framkvæmdur verði úrskurður um innsetningargerð, þótt fram hafi farið málskot til Hæstaréttar.

Fúgetarétturinn lítur því svo á, að úrskurðurinn frá 25. maí s.l. í framangreindu máli sé bindandi fyrir báða aðilja og að áfrýjun fresti ekki framkvæmd samkvæmt honum, þar sem slíkum úrskurðum megi jafnan framfylgja þegar í stað.

Verður því ekki hægt að taka frestbeiðni gerðarþola til greina gegn mótmælum gerðarbeiðanda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gerðarbeiðanda, samtals kr. 25.000.00.

Því úrskurðast:

Frestbeiðni gerðarþola verður ekki tekin til greina.

Úrskurði fúgetaréttar Þingeyjarsýslu í máli þessu, upp-

kveðnum 25. maí 1974, skal fullnægt samkvæmt kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns gerðarbeiðanda, Sveins H. Valdimarssonar hæstaréttarlögmans, kr. 25.000.00.

Þriðjudaginn 25. júní 1974.

Nr. 40/1974: **Ákærvaldið**
 (saksóknari ríkisins Þórður Björnsson)
 gegn
Guðna Óskarssyni
 (Jónas A. Aðalsteinsson hrl.).

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Magnús P. Torfason, Ármann Snævarr,
 Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Í máli þessu er ákærði sóttur til saka fyrir að hafa svipt Stefán Egilsson, Volaseli, A-Skaftafellssýslu, lífi með hagla-byssuskotum árla morguns sunnudag 28. janúar 1973 að Miðtúni 23, Höfn í Hornafirði.

Sakargögn eru reifuð í héraðsdómi, og er sakarlýsing í samræmi við þau. Í Hæstarétti hefur verið lagður fram uppdráttur af herbergjaskipan að Miðtúni 23 og af næsta nágrenni svo og úrskurður um framlengingu gæsluvarðhalds ákærða til 29. júní 1974.

I.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, var gott vinfengi með Stefáni heitnum Egilssyni og ákærða og hafði staðið áratugum saman. Stefán heitinn kom til ákærða að kvöldi laugardags